

Fundargerð aðalfundar F E N U R

Haldin í Bragganum í Nauthólsvík, 5. júní 2025 klukkan 11:00

1. Fundur settur

Formaður Hrefna B Jónsdóttir, setti fund og gerði tillögu um Gunnar Dofra Ólafsson sem fundarstjórna og Ernu B Häsler sem fundarritara.

Fundarstjóri bar upp tillögu um lögmæti fundarins, Til hans var boðið með 3ja vikna fyrirvara í stað fjögurra. Samþykkt lögmæti fundarins.

2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðasta árs

Formaður flutti skýrslu stjórnar félagsins og tók þriðja lið þar undir. Áætlun um starfsemi næsta árs. Sjá skýrslu stjórnar í heild sinni í lok fundargerðar.

3. Áætlun um starfsemi næsta ár.

Sjá liður 2.

4. Umfjöllun um skýrslu stjórnar og reikninga

Formaður fór yfir reikninga félagsins. Heildartekjur kr. 3.104.024 Rekstrargjöld 1.732.013 og vaxtatekjur 19.666 kr. Rekstrarafgangur 1.391.677
Ársreikningur samþykktur samhljóða.

5. Framkomnar tillögur

Engar.

6. Ákvörðun um árgjald

Formaður lagði fram tillögu að hækkun aðildargjalda um 4,5%.

Hækkun samþykkt

7. Kjör formanns

Freyr Eyjólfsson kjörinn samhljóða

8. Kjör allt að fjögurra stjórnarmanna auk tveggja varamanna

Baldvin Elíasson, Erna B Häsler, Steinar Sigurjónsson og Lilja Þorsteinsdóttir
Til vara: Kristján Ólafsson og Davor Lucic.

9. Kjör skoðunarmanna. tveir og einn til var

Tillaga er um Hrefnu B Jónsdóttur og Stefán Guðsteinsson. Karl Eðvaldsson sem
varamaður Samþykkt

10. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið kl. 11:35

Klukkan 13 hefst vorráðstefna FENUR á sama stað.

Dagskrá ráðstefnu væntanleg.

Dagskrá

11:00

Aðalfundur

12:00

Hádegisverður

13:00

Hvar er tunnan? Allskonar djöfulsins vesen með sorphirðu. Ólögleg rými,
hættulegar leiðir, tvöfaldar tunnur, nýtt kerfi, hvar endar þetta? Hver ber
ábyrgð?

Atli Ómarsson, sorphirðan í Reykjavík, Elin Þórólfsdóttir, HMS.

Pétur Gísli Jónsson, Terra

Erindi, reynslusögur og umræður. Söfnunaraðilar, sveitarfélög, eftirlitsaðilar.

14:00

Hvernig gengur að innleiða Borgað þegar hent er? Er þetta yfir höfuð hægt?

Erindi, reynslusögur og umræður.

Samband Íslenskra sveitarfélaga, Finnur Ricart Andrason, Sís. Steinar

Sigurjónsson, Grímsnes og Grafningshreppur.

Gunnaug Einarsdóttir og Daniel Gunnarsson - Gögn Úrvinnslusjóðs og aukib

gagnsæi.

15:00

Veitingar og stuð!

Skýrsla stjórnar FENÚR á aðalfundi 18. mars 2024

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn

Á aðalfundi sem fram fór þann 18. mars 2024 voru eftirtaldir kosnir í stjórn FENÚR;

Baldvin Elíasson – Endurvinnslan

Elín Ásgeirsdóttir – Íslenska gámafélagið

Hrefna B Jónsdóttir - Sorpurðun Vesturlands hf. Kosin 2023

Erna Björk Hasler – Terra

Freyr Eyjólfsson – SORPA

Varamenn, Kristján Ólafsson og Geir Sigurður Gíslason, kosnir til eins árs.

Sú er hér stendur var reyndar kosin formaður til tveggja ára árið 2023 og læt af störfum á þessum aðalfundi.

Stjórnin hélt fjóra stjórnarfundum á árinu, auk samskipta á tölvupóstum og símtölum.

Líf Lárusdóttir starfaði fyrir okkur fyrstu fjóra mánuði ársins 2024 og sá hún um tölvupósta og praktísk mál. Merkjaverkefnið var í okkar höndum það tímabil en þá fluttist það til Umhverfisstofnunar.

Fyrirspurnir sem FENUR hefur fengið vegna merkjanna eru nú sendar til UST og er það Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson sem heldur utanum það á þeim bæ.

Við höfum haft hægt um okkur á síðasta starfsári, eða allt frá því merkjaverkefnið var flutt til UST.

Öll fjármálaumsýsla hefur verið í mínum höndum þau tvö ár sem ég hef starfað sem formaður og síðan þá hef ég einnig séð um að fylgjast með tölvupóstum sem berast til FENÚR.

Vorráðstefna var haldin þann 18. mars og haustráðstefnan 21. nóvember. Talsverð umræða hefur orðið á síðustu árum um þróun kostnaðar úrgangsmála sveitarfélaga og þjónustuaðila á síðustu árum, einkum vegna breytinga á lagaumhverfi. Á báðum ráðstefnum á síðasta ári var rætt um kostnaðarhækkanir og aðgengi að sorptunnum og aðstöðu, einkum við fjölbýlishús og er það meiningin að taka þau mál fyrir á vorráðstefnu okkar nú eftir hádegjið.

Fyrir mér hefur það ávallt verið mikilvægt að geta staðið upp frá mínum hefðbundnu störfum og fara á FENÚR fund, hitt kollega í bransanum og tengst nýju fólki á þessum vettvangi, svo eitthvað sé nefnt. Hér hefur verið staðið fyrir kynningum á ýmsum málefnum sem hafa verið í brennidepli hverju sinni. Erlendir fyrirlesarar hafa komið til landsins og flutt okkur fréttir og ýmsa gagnlega vitneskju. FENÚR hefur tekið þátt í

norrænu og alþjóðasamstarfi og er aðili að International Solid Waste Association (ISWA) fyrir hönd Íslands.

Á vettvangi ISWA er margt skrafað og var nýverið vefstofa um EPR í plast-sáttmálanum. Fjallað var um viðtæka ábyrgð framleiðenda (Extended Producer Responsibility – EPR) sem lykilatriði í samningaviðræðum Sameinuðu þjóðanna um plastsáttmálann. Markmiðið er að veita hagnýtar leiðbeiningar, sérstaklega fyrir lág- og meðaltekjulönd.

Næsta stóra ráðstefna hjá ISWA, þ.e. næsta ISWA World Congress, verður haldin í Buenos Aires, Argentína, 27. - 29. október 2025

Þetta verður stóri viðburðurinn þeirra árið 2025 og er lýst sem leiðandi viðburði í úrgangsstjórnun á heimsvísu. Þema ráðstefnunnar er "Towards a wasteless future or a wasteful planet?"

Freyr Eyjólfssson hefur tekið við efni sem tengist ISWA. Fyrir Covid fór formaður FENUR á þessa ráðstefnu og tók félagið þátt í ferð viðkomandi með því skilyrði að fá góða kynningu á því sem þar fer fram. Geri ráð fyrir 200.000 kr í fjárhagsáætlun í verkefnið. Í eina tíð var hægt að sækja um styrk til þessarar ferðar til sjóðs í umhverfisráðuneytinu. Þekki ekki þau mál í dag.

Hvað framtíðina varðar er það ekki mitt að leggja nýrri stjórn línurnar. Það er margt í gangi á vettvangi úrgangsmála og kannski hægt að finna nýtt áhersluverkefni þegar við eigum nógan aur til að taka eitthvað nýtt í fangið.

Ég mun ekki gefa kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu í stjórn FENUR enda búin að starfa hér bæði sem varamaður og aðalmaður og nú að síðast sem formaður.

Að lokum þakka ég stjórn samstarfið á starfsárinu.

Hrefna B Jónsdóttir, formaður FENÚR.